

mætti og krafðist kosts og tæringar hjá áfrýjanda. Með því að málinu hefir þannig eigi verið löglega fram fylgt fyrir réttinum af áfrýjanda hálfu, með framlagning máls-útlístar og fullnaðarkröfu í því, ber samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 5. gr., að frávísa stefnunni ex officio og að taka til greina kröfu stefnda um kost og tæringu, er þykir hæfilega ákveðin 8 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfir-dómi. Áfrýjandinn Einar kaupmaður Markússon í Ólafsvík greiði stefnda Jóhannesi V. H. Sveinssyni á Kirkjufelli í kost og tæringu 8 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að við-lagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 13. maímán.

Nr. 2/1907:

Sigurður E. Malmqvist  
gegn

Kristjáni Ó. Þorgrímssyni  
fyrir hönd Gísla Sigurðssonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi Kristján Ó. Þorgrímsson kaupmaður fyrir hönd Gísla Sigurðssonar á Krossgerði í

Suður-Múlasýslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum realstúdent Sigurði E. Málmqvist til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér fyrir hönd nefnds Gísla Sigurðssonar 500 kr. ásamt vöxtum og málskostnaði, samkvæmt skuldarviðurkenning áfrýjanda til nefnds Gísla, dags. 14. marz 1905. Var málið dæmt í nefndum rétti 20. des f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda eina áfallna afborgun, 100 kr., af umkrafðri skuld með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 12 kr. í málskostnað, en var sýknaður að sinni af frekari kröfum stefnda í málinu.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað, eftir réttarins mati.

Í fyrnefndri skuldarviðurkenningu, dags. 14. marz 1905, játar áfrýjandi að hann skuldi Gísla Sigurðssyni 500 kr. og lofar að borga þær þannig: 100 kr. ef hann fái lán það, er Gísli hafi gengið í ábyrgð fyrir hann, að upphæð 1200 kr., sem hann vænti að fá í vor kemur (3: 1905), og þar eftir 100 kr. á ári, þar til skuldinni væri lokið. Áfrýjandi kannast að vísu við að hafa útgefið viðurkenningu þessa, og hann hefir ekki haldið því fram, að skuld sú, er þar er nefnd, sé borguð, en hann skýrir svo frá, að skjalið hafi verið útgefið í því skyni einu, að það væri trygging fyrir hluta stefnda í láni, er áfrýjandi ætlaði að taka í öðrum hvorum bankanum handa þeim báðum málsaðilunum, með stefnda



að ábyrgðarmanni; en þar sem ekkert varð úr lántökunni fyrir það, að lánið fekst ekki, þá hafi skuldbindingarskjalið ekki við neitt að styðjast, en sé marklaust orðið. Þessi sögusögn áfrýjanda, sem stefndi lýsir tilhæfulausa, hefir þó ekkert við að styðjast í skuldbindingarskjalinu, sem er bein skuldarviðurkenning af áfrýjanda hálfu, og verður hún því eigi lögð til grundvallar fyrir dómi í málinu. Hins vegar er það ekki sérstaklega véfengt af áfrýjanda, að 100 kr. af skuldinni hafi verið fallnar í gjalddaga eftir ákvæðum bréfsins, er mál þetta var höfðað, og þar sem eigi getur verið að ræða um neinar breytingar á dóminum stefnda í vil, sem eigi hefir gagn-áfrýjað málinu, ber að staðfesta dóminn að öllu leyti, einnig ákvæði hans um vexti og málskostnað. Áfrýjandi á eftir þessum úrslitum málsins að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Afrýjandinn Sigurður E. Málmqvist greiði stefnda Kristjáni Ó. Þorgrímssyni fyrir hönd Gísla Sigurðssonar í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.